

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

1. fundur

haldinn á Hótel Héraði, 29. maí 2007

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, og Þórhallur Þorsteinsson. Skarphédinn Þórisson var fjarverandi. Jafnframt var mættur fulltrúi umhverfisráðuneytis, Ingibjörg Halldórsdóttir.

Ingibjörg setti fundinn kl. 12.15 og gengið var til dagskrár.

1. Kosning formanns og varaformanns

Tillaga um að Eiríkur Björn Björgvinsson yrði formaður og Björn Ármann Ólafsson varaformaður. Samþykkt samhljóða.

Eiríkur tók við stjórn fundarins.

2. Kynning umhverfisráðuneytis

Ingibjörg fór yfir ýmis atriði varðandi þjóðgarðinn, m.a. um hvernig vinnu við undirbúning fram að stofnun færi fram næstu mánuði, en stefnt er að stofnun þjóðgarðsins í lok árs eða ársbyrjun 2008. Í máli hennar kom fram að viðræður umhverfisráðuneytis við landeigendur eru hafnar. Einnig fór hún yfir stjórnfyrirkomulag og hlutverk stjórnar, svæðisráða og þjóðgarðsvarða, sem og hvernig standa skuli að gerð verndaráætlana.

Umræður urðu um einstök atriði en þessi helst:

- hlutverk Umhverfisstofnunar og samstarfs við hana
- samskipti þjóðgarðsvarða og svæðisráða
- fjármagn og uppbyggingu á þjónustuneti
- gjaldtöku og gistináttgjald
- starfsáætlun fyrir svæðisráð
- ráðningu þjóðgarðsvarða
- samninga við landeigendur
- vinnu við reglugerð
- skipun varamanna fyrir fulltrúa í svæðisráði
- fundargerðir

Svæðisráð var einhuga um að gera sérstaka athugasemd við að samkvæmt skipunarbréfum nefndarmanna ættu þeir aðilar sem tilnefna þá til setu í ráðinu að standa straum af launagreiðslum fyrir fundarsetur. Svæðisráð telur það óeðlilegt og að slíkar launagreiðslur eigi að koma frá þjóðgarðinum. Ingibjörg tók að sér að koma þeirri athugasemd á framfæri við ráðherra.

Svæðisráðið var einnig á einu máli um mikilvægi þess að ráða þjóðgarðsverði sem fyrst, sérstaklega á þeim svæðum sem enga hafa fyrir, þ.e. Austur- og Vestursvæði. Það væri ákveðin forsenda þessa að undirbúningsvinnan gengi hratt fyrir sig.

3. Önnur mál

Formaður gerði tillögu um að Skúli Björn yrði ritari svæðisráðsins og var það samþykkt samhljóða.

Þórhallur Þorsteinsson lagði til að svæðisráðið færi í vettvangsferð um fyrirhugað þjóðgarðssvæði og var samþykkt að stefna að því í sumar.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl. 13.50.

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson